

## 5. bekkur upplýsinga- og tæknimennt

---

Kennarar: Birna Gunnlaugsdóttir

5

### Lýsing

Námssviðið upplýsinga- og tæknimennt felur í sér; miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Nemendur eiga að greina hvaða upplýsinga er þörf, leita að þeim leggja á þær gagnrýnið mat, og auka þannig þekkingu sína og nýta með ýmsum miðlum til að ná tilteknu markmiði. Í upplýsinga- og tæknimennt er unnið eftir hæfnimarkmiðum Aðalnámskrár frá 2013.

### Markmið

Markmiðið er að nemendur æfist í markvissri upplýsingaleit á neti. Nái ágætum tókum á í ritvinnslu og skyggnugerðarforriti. Unnið er samkvæmt hæfniviðmiðum aðalnámskrár grunnskóla, 2013

### Námsefni

Ritvinnsla: Snýst um að setja upp heimildaskrá, efnisyfirlit og önnur atriði sem eru notuð í ritgerðasmíðum. Skyggnugerðarforrit er notað til að útbúa skyggnur fyrir kynningar og fyrirlestra. - Leit á neti í leitir.is og visindavefur.iss.s.

### Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, þjálfunaræfingar og samvinnuverkefni.

### Námsmat

Mat byggir á vinnusemi og verkefnaskilum. Hæfniviðmið úr aðalnámskrá grunnskóla liggja til grundvallar námsmats. Mat birtist á hæfnikorti hvers nemanda.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk

- **Hæfnieinkunn (A-D)**
- Nýtt hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Vinnulag og vinnubrögð

- Nýtt upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.
- Nýtt sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.
- Nýtt rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Beitt réttri fingrasetningu.
- Sýnt sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Upplýsingaöflun og úrvinnsla

- Nýtt fjölbreyttar leiðir og leitarvélur við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.
- Unnið með heimildir og sett fram einfalda heimildaskrá.
- Nýtt rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.
- Nýtt hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.
- Verið gagnrýninn á gæði ýmissa upplýsinga.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Tækni og búnaður

- Nýtt hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.
- Nýtt hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.
- Nýtt hugbúnað/forrit við vefsmíðar.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Sköpun og miðlun

- Rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga- og miðlun.

- Nýtt hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.

### Upplýsinga- og tæknimennt fyrir 5.-7.bekk - Siðferði og öryggismál

- Sýnt ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.
- Farið eftir reglum um ábyrga netnotkun, er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og tekur ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.